

Minnisblað GG

Málsaðili : H-Berg ehf
Tengiliður :
Dagsetning : 24.01.2018
Númer : 1711125
Flokkur :

Efni : **Borgahella 13 fyrirspurn 1711125**

H-Berg ehf. leggur inn þann 09.11.2017 fyrirspurn um að breyta byggingarreitnum á atvinnulóð að Borgahellu 13.

Um er að ræða fyrirspurn um stækkun byggingarreits.

Óskað er eftir stækkun á grunnfleti byggingar/byggingarreits úr 30 x 40 í 31 x 60, reiknað er með tveimur fyrirtækjum í einni byggingu. Nýtingarhlutfall lóðar haldist óbreytt, þar sem aðeins hluti byggingar verði á tveimur hæðum (Nhl.=0.6). Tillaga að fyrirkomulagi á lóð og uppbyggingu hefur borist í kynningargögnum vegna fyrirspurnarinnar.

Flatarmál lóðar 4.081 m² (sbr. mælibl). Byggingarreitur skv. tillögu 1.860 m².
Heildarflatarmál byggingar 2.534 m².

Fyrirkomulag bílastæða kemur fram í kynningargögnum, þar sem gert er ráð fyrir 30 bílastæðum á lóð. Skilmálar deiliskipulags kveða á um 1 bílast/50 m², þ.e. miðað við stærð byggingar skal reikna með um 50 bílastæðum á lóðinni. Ljóst er að lóðin rúmar ekki þann bílastæðafjölda ef grunnflötur byggingar er jafn stór og gert er ráð fyrir í kynningargögnum.

Ef umsækjandi hyggst byggja eins og kynningargögn gefa til kynna, er bent á að stærri lóðir á svæðinu verði skoðaðar. Einnig mætti kanna sameiningu lóða og/eða einhverja hliðrun á lóðamörkum.

GG 24.1.2018